

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 9. september 2021 í máli nr. 151/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 17. desember 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings um þjónustu sem keypt var af Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi krafist of hárrar greiðslu fyrir þjónustuna og krefst endurgreiðslu. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfum, dags. 4. janúar 2021 og 4. febrúar 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 12. febrúar 2021. Sóknaraðili sendi nefndinni athugasemdir við andsvör varnaraðila sem bárust þann 12. febrúar 2021. Frekari athugasemdir bárust frá varnaraðila 15. febrúar 2021.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila og varnaraðila, reikningar vegna þjónustu varnaraðila, dags. 6. ágúst 2020 og 21. desember 2020 og afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila.

Með bréfi, dags. 5. mars 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í kvörtun kemur fram að sóknaraðili hafi farið með bifreið sína til varnaraðila til þess að gera við skiptingu í bifreið sóknaraðila. Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi krafist of hárrar greiðslu fyrir þjónustuna. Málsaðila greinir á um atvik málsins að öðru leyti.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili kveðst hafa óskað eftir þjónustu varnaraðila vegna viðgerðar á skiptingu í bifreið sóknaraðila. Varnaraðili hafi aðspurður sagt kostnaðinn verða undir 130.000 krónum fyrir utan greiðslu fyrir vinnu varnaraðila við verkið. Þegar sóknaraðili sótti bifreiðina segir hann að varnaraðili hafi krafist greiðslu að fjárhæð um 600.000 krónur. Reikingurinn fyrir að gera við skiptinguna hafi numið um 390.000 krónum og rest væri vinnukostnaður. Hafi varnaraðili sagt að meira hafi verið að vélinni en hann hafi haldið. Varnaraðili hafi hins vegar ekki fengið samþykki sóknaraðila fyrir umfangsmeiri viðgerðum og auknum kostnaði. Telur sóknaraðili að varnaraðila hafi borið að bera kostnaðinn undir sóknaraðila í stað þess að framkvæma viðgerð og greiðslu sem er rúmlega helmingi hærri en samið hafi verið um.

Sóknaraðili hefur greitt kröfu varnaraðila að fjárhæð 600.681 krónur með fyrirvara og krefst endurgreiðslu, að undanskildum 260.000 krónum vegna greiðslu fyrir þjónustuna.

3.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili bendir á að framlögð gögn í málinu séu villandi. Að sögn varnaraðila er lýsing sóknaraðila á málsatvikum röng. Samskipti málsaðila sem liggja fyrir séu frá því í júlí árið 2020 þegar varnaraðili gerði við skiptingu í bifreiðinni. Hafi varnaraðili þá sagt að kostnaðurinn yrði um 130.000 krónur auk vinnukostnaðar. Í því tilviki sem deilt er um hafi sóknaraðili aftur komið með bifreiðina til viðgerðar vegna skiptingarinnar þar sem kom í ljós að converter fyrir skiptingu væri ónýtur. Varnaraðili hafi fengið nýjan varahlut og skipt um allt innvols í skiptingu ásamt því að taka slit úr ventlaboddy. Sóknaraðili var að sögn varnaraðila upplýstur um allt sem var gert. Leggur varnaraðili fram afrit af skriflegum samskiptum við sóknaraðila frá því í lok nóvember árið 2020 til að sýna fram á að ekki hafi verið gefið upp fast verð fyrir þjónustuna. Varnaraðili telur reikning fyrir þjónustuna sanngjarnan með hliðsjón af þeirri vinnu sem var unnin að beiðni sóknaraðila. Tekur varnaraðili fram að bifreiðin sé árgerð 1978 og mikið breytt þannig ekki sé margt upprunalegt í bifreiðinni og erfitt að taka ábyrgð á ástandi hennar.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Sóknaraðili segir að það samtal sem vitnað sé til varði kostnað fyrir vinnu að skiptingunni undanskildri, þ.e. vinna varnaraðila, varahlutir tengdir ísetningu, að taka skiptinguna undan og vinna við bremsur. Þá hafi varnaraðili ekki beðið um leyfi eða nefnt að meira þurfi að gera í skiptingunni en samið hafi verið um. Sóknaraðili bendir á að nýjir varahlutir eigi að vera í tveggja ára ábyrgð og nýr converter og ventlaboddy hafi verið sett í bifreiðina í fyrra skiptið líka. Hafi seinni viðgerðin þar af leiðandi átt að vera á ábyrgð varnaraðila og sóknaraðila að kostnaðarlausu.

3.4. Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili ítrekar að samtal þar sem talað er um 130.000 króna greiðslu tengist ekki seinni viðgerðinni. Um tvö aðskilin mál sé að ræða.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili óskaði eftir þjónustu varnaraðila vegna viðgerðar á bifreið sóknaraðila. Ágreiningur málsins heyrir undir ákvæði laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.), sbr. 1. tölul. 1. gr. laganna.

Af gögnum málsins verður ráðið að sóknaraðili hafi óskað eftir þjónustu varnaraðila í tvö aðskilin skipti árið 2020. Samkvæmt reikningi þann 6. ágúst 2020 var sjálfskipting bifreiðarinnar tekin upp og unnið við hana. Greiddi sóknaraðili 180.011 krónur fyrir þá þjónustu. Samkvæmt reikningi þann 21. desember 2020 var sjálfskiptingin tekin upp ásamt converter og greiddi sóknaraðili 600.681 krónur fyrir þá þjónustu. Sóknaraðili telur að greiðslukrafa varnaraðila að fjárhæð 600.681 krónur hafi verið hærri en samið hafi verið um. Bendir sóknaraðili á að samið hafi verið um greiðslu að fjárhæð 130.000 krónur auk greiðslu fyrir vinnu varnaraðila. Af framlögðum gögnum verður hins vegar ekki ráðið að samið hafi verið um greiðslu að fjárhæð 130.000 krónur vegna

viðgerðarinnar í desember árið 2020. Samskipti málsaðila um greiðslu að fjárhæð 130.000 krónur virðast samkvæmt gögnum málsins hafa átt sér stað í júlí árið 2020 við framkvæmd fyrri viðgerðarinnar. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að um nákvæmlega sömu þjónustu hafi verið að ræða þrátt fyrir að unnið hafi verið við skiptingu bifreiðarinnar í bæði skiptin. Ekkert liggur því fyrir sem sýnir fram á að samið hafi verið fyrirfram um greiðslu fyrir þjónustuna í desember árið 2020.

Ákvæði 28. gr. þkpl. fjallar um verðlagningu í þjónustukaupum þegar aðilar hafa ekki samið um verð. Ákvæðið er svohljóðandi:

„28. gr.

Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er.“

Í ákvæðinu felst samkvæmt athugasemdum í frumvarpi til þkpl. að ef aðilar hafa ekki samið um verð skuli greiða það verð sem telja má sanngjarnt. Ef samið er um vinnu verks miðað við ákveðinn tímafjölda eða verðið er ákveðið miðað við efniseiningu ræðst verðið af því hversu margir tímar voru í raun unnir eða hversu mikið efni var notað. Verðið er þannig háð því hver þjónustan er og hve mikið og vel er unnið. Við mat á því hvort tímafjöldi og annar kostnaður sé hæfilegur ber að miða við það sem yfirleitt tíðkast í greininni þegar sambærileg þjónusta er innt af hendi.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að varnaraðili hafi skilað af sér verkinu með fullnægjandi hætti í samræmi við kröfur sóknaraðila. Alls voru skráðar 12 vinnustundir við framkvæmd verksins og hefur ekkert komið fram í málinu sem sýnir fram á að kostnaðurinn sé hærri en almennt gerist við framkvæmd sambærilegra verka.

Þá liggur ekkert fyrir í málinu sem styður þá fullyrðingu sóknaraðila að honum beri ekki að greiða fyrir seinni viðgerðina þar sem hann hafði þegar greitt fyrir viðgerð á sjálfskiptingunni. Hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að hin fyrri viðgerð hafi verið haldin galla.

Er nefndinni því ekki annað fært en að hafna kröfu sóknaraðila.

V

Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson